

1940

Hvenær verður hættulegustu styrjöldinni lokið?

I.

Pað er óhætt að fullyrða, að styrjöld sú, sem nú geisar, er hættulegri framtíð mannyknsins en nokkur áður, og stæði hún eins lengi og sumir gera ráð fyrir verður að telja mjög vafasamt, að nokkur von væri viðreisnar á eftir. Það er því eðlilegt að menn reyni þratt fyrir alt, að halda fast í þá von, að ófriðurinn verði ekki langvinnur. Menn gera sjer t. d. vonir um að Vesturveldin komist að þeirri niðurstöðu, að þó að það nú tækist að gersigra Þjóðverja, þá mundi það verða of kostnaðarsamt. Og svo eru líkurnar til að sá sigur verði unninn, ekki yfirgnæfandi. Í styrjöldinni miklu tók það meir en 4 ár að yfirbuga Þjóðverja, og sumir halda því fram, að það hefði alls ekki orðið, ef Bandaríkin hefðu ekki skorist í leikinn og sent 2 miljónir óþreyttra hermanna til að berjast á móti Þjóðverjum. Og þá voru þó bæði Rússar og Ítalir með Bretum og Frökkum.

II.

Í „Light“, 1. febr. þ. á., er sagt frá bók eftir Leonardo Blake sem heitir „The last year of War“: Siðustu ár ófriðarins. Er því þar spáð, að ófriðnum muni verða lokið í summar, sakir uppreisnar gegn Hitler heima fyrir. Annar maður C. E. Mitebell, sem heima á í Halifax og er stjörnuspámaður (astrolog), spáir friði í ágúst eða september þessa árs.

EKKI verður því neitað, að mjög eru spár þessar ólíklegar til að rætast, og mjög virðast hugmyndir hinna bresku höfunda um Hitler vera fjarri sanni. Miklu fremur virðist mega segja, að Þjóðverjar eigi nú foringja af því tagi, sem ekki eru dæmi til áður í sögu Norðurálfunnar, því að yfirleitt munu menn þar í landi líta á Adolf Hitler sem nokkurskonar Messías, og baráttan gegn Þjóðverjum verður af þeim sökum ekki auðsóttari, heldur mjög á hinn véginn, enda sú tilfinning að þeir sjau ranginum heittir af óvinunum miklu ríkari nú en 1914.

12. febr.